

Mál nr. 125/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 3. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum, þar á meðal hljóðupptöku.
2. Bréf V1 dags. 26. apríl 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V2 dags. 27. apríl 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna áreksturs 13. mars 2023 kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B á bryggjussvæði á Akranesi og á myndum má sjá ákomu á vinstri framhornum beggja bifreiða. Í tjónstilkynningu er haft eftir ökumanni bifreiðar A að hann hafi verið á rúntinum á bryggjunni og hafi mætt bifreið B í beygju þar sem báðir ökumenn hafi hemlað en bifreiðarnar runnið og rekist saman. Ökumaður bifreiðar B kveðst hins vegar hafa setið undir stýri í kyrrstæðri bifreiðinni þegar bifreið A hafi komið fyrir horn og ekið á bifreið B.

M telur að framburður ökumanns bifreiðar bifreiðar B um að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð sé ekki réttur og vitnar til hljóðskilaboða þar sem kemur fram að bifreið B hafi verið á ferð. M telur að niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna um að hann beri 100% sök sé röng en að helmingaskipti séu ásættanleg.

V1 telur að skipta eigi sök til helminga milli ökumanna þar sem framburður þeirra sýni að báðar bifreiðar hafi verið á hreyfingu þegar árekstur varð, ekið úr gagnstæðum áttum og hafi lent framan á hvorri annarri á blindhorni. Einnig vísar V til hljóðupptöku þar sem ökumaður bifreiðar B viðurkenni að bifreiðin hafi verið á hreyfingu þegar árekstur varð.

V2 telur að öll sök sé á ökumanni bifreiðar A þar sem ekki sé sannað að bifreið B hafi verið á ferð þegar árekstur varð og framburður ökumanns bifreiðar B sýni að bifreiðin hafi verið kyrrstæð. V2 telur ekki hægt að byggja á hljóðupptöku þar sem hún komi frá símanúmeri sem samræmist ekki símanúmeri ökumanns bifreiðar B í tjónstilkynningu. V2 vísar einnig til 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um forgang við akstur um mjóan veg.

Álit.

Ágreiningur málsins hverfist um hvernig árekstur varð milli bifreiða A og B þar sem ákoma varð á vinstri framhorni beggja bifreiða og bifreiðarnar voru báðar á bryggjussvæði þar sem erfitt var fyrir tvær bifreiðar að mætast m.v. lýsingu í tjónstilkynningu. Í málinu liggur fyrir framburður ökumanns bifreiðar B um að hann hafi einungis farið inn í bifreiðina til að drepa á henni en í hljóðupptöku kemur fram sú lýsing á atvikum að bifreið B hafi verið stopp eða eiginlega stopp eftir við mætingu á blindhorni. Ekki liggja fyrir fullnægjandi skýringar á staðsetningu bifreiðar B við þessar aðstæður og ekki hafa komið fram gögn sem benda til þess að fyrrnefnd hljóðupptaka stafi ekki frá ökumanni bifreiðar B. Með hliðsjón af öllum gögnum málsins telst því ósannað að bifreið B hafi verið kyrrstæð og með vísan til aðstæðna ósannað að áreksturinn sé hægt að rekja til þess að annar ökumanna hafi ekið óvarlegar en hinn í greint sinn. Skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Reykjavík, 23. maí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir